

Fimmtudaginn 27. maí 1993.

Nr. 418/1990. **Sigurður Þorsteinsson**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Gísla hf.

(Ólafur Garðarsson hrl.).

Lausafjárkaup. Samningar. Riftun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Gunnar G. Schram prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. nóvember 1990. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 380.000 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 1. mars 1988 til greiðsludags, hinum sömu og krafist var fyrir hér- aðsdómi, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostn- aðar fyrir Hæstarétti.

Þegar stefndi sendi áfrýjanda skriflegt tilboð um uppgjör á kaupum þeirra um vélsleða, voru um 16 mánuðir liðnir, frá því að lögmáður áfrýjanda hafði fyrst ritað stefnda, í júlí 1986, og gert kröfu um riftun á kaupunum ásamt endurgreiðslu á kaupverði vélsleðans, 380.000 krónum, með vöxtum frá því um haustið 1985, er kaupin voru gerð. Í svarbréfi í nóvember 1986 hafði stefndi beðist undan kröfunni með vísan til árangurslausrar umræðu við áfrýj- anda sjálfan veturinn áður. Eigi að síður hafði samband haldist milli aðila, og stefndi hafði haft sleðann undir höndum frá því um vorið 1987, er áfrýjandi sendi hann til Reykjavíkur. Má ráða af framburði fyrirsvarsmanna stefnda, að þeir hafi haft uppi tilraunir til að selja sleðann frá því um haustið 1987 til að greiða fyrir lausn á málinu, en ekki fundið kaupanda. Um verð, er sett hafi verið á sleðann, eru þó ekki beinar upplýsingar.

Í tilboðinu var áfrýjanda gefinn kostur á að fá nýjan vélsleða á tilgreindu verðlagi í skiptum fyrir hinn gegn greiðslu á mismun vegna útlitsskemmda og slits á gamla sleðanum, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Í annan stað kvaðst stefndi tilbúinn að

greiða honum nettóverðmætið í peningum, þannig, að málið væri úr sögunni. Var það sama fjárhæð og stefndi hafði krafist árið áður, en fundin með öðrum hætti og án vaxta. Kveðst áfrýjandi hafa skilið þetta þannig, að honum væri ekki nauðsynlegt að veita tilboðinu samþykki með áritun og endursendingu, eins og þar var á kveðið, nema hann veldi fyrri kostinn og gengist undir þær kvaðir, sem fylgja ættu ábyrgðarskilmálum á nýja sleðanum. Með hliðsjón af frágangi og aðdraganda tilboðsins verður að telja, að áfrýjandi hafi haft nokkra ástæðu til að leggja þennan skilning í efni þess.

Um framhald málsins má telja upplýst, að áfrýjandi hafi fljótlega haft samband við stefnda og meðal annars kvartað yfir fyrrnefndri mismunargreiðslu. Eftir nokkurt þóf vegna hennar hafi hann hins vegar lýst yfir, að hann væri reiðubúinn að samþykkja lausn á málinu með peningagreiðslu samkvæmt b-lið tilboðsins. Þetta samþykki áfrýjanda var staðfest í bréfi frá lögmanni hans 4. febrúar 1988. Er ekki ástæða til að rengja þá staðhæfingu í bréfinu, að um væri að ræða ítrekun á fyrri yfirlýsingum lögmannsins um samþykkið. Bréf þetta var ekki sent í ábyrgð, og stefndi kveðst ekki hafa fengið það í hendur. Á hinn bóginn liggur ekki fyrir, að frá honum hafi farið yfirlýsingar um það í kjölfar tilboðsins, að málinu væri lokið. Var það ekki fyrr en 8. ágúst 1988, þegar áfrýjandi og lögmaður hans voru farnir að ganga eftir greiðslu, að framkvæmdastjóri stefnda ritaði áfrýjanda bréf þess efnis. Í því bréfi var ekki vikið beinum orðum að umræddu tilboði, heldur vísaði framkvæmdastjórinn til þeirra breyttu aðstæðna, að hann hefði nú selt fyrirtækið Gísla Jónsson & Co. hf. Gæti hann því ekki lengur hjálpað áfrýjanda, eins og til hefði staðið, en hugmyndin hefði verið að selja gamla vélsleðann á 380.000 krónur og senda síðan áfrýjanda andvirðið. Kvaðst hann í þess stað myndu senda sleðann aftur til Akureyrar í von um, að áfrýjandi gæti selt hann nyrðra.

Ekki er upplýst til hlítar, hvar snjósleði áfrýjanda er nú niður kominn, en stefndi lét flytja hann til Akureyrar haustið 1988 í afgreiðslu flutningafyrirtækisins Dreka hf., án þess að áfrýjandi tæki þá við honum. Telur áfrýjandi, að sleðinn sé í geymslu hjá þriðja aðila á vegum þess fyrirtækis.

Eftir fyrrgreindum atvikum verður að telja sannað, að áfrýjandi

hafi lýst yfir samþykki við síðari kostinum í skriflegu tilboði stefnda eftir skammvinnar viðræður, sem átt hafi sér stað í beinu framhaldi af viðtöku tilboðsins. Hafi stefnda mátt vera ljóst, að áfrýjandi teldi samþykkið fram komið nægilega snemma og með nægilega skýrum hætti. Skiptir ekki máli í því tilliti, hvort fyrrgreint bréf frá lögmanni áfrýjanda komst til skila, eins og sendandi þess ætlaði. Hafi stefnda þannig orðið nauðsynlegt að skýra áfrýjanda frá því án ástæðulausrar tafar, að hann vildi ekki taka samþykkinu, ef afstaða hans var sú, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Þar sem þetta gerðist ekki, er rétt að líta svo á, að stefndi hafi orðið bundinn af tilboði sínu, en það var án fyrirvara þess efnis, að honum tækist að selja sleðann. Er ekki leitt í ljós, að áfrýjandi hafi síðar raskað þeirri stöðu með viðtöku á sleðanum.

Samkvæmt þessu verður að miða við, að samkomulag hafi komist á um riftun á kaupum aðila með þeim hætti, sem lýst var í b-lið tilboðsins frá stefnda, og hafi það gerst í síðasta lagi í janúar 1988. Ber að taka til greina þá kröfu áfrýjanda, að stefnda verði gert að greiða honum það andvirði vélsleðans, sem upp var sett, 380.000 krónur, með vöxtum frá 1. mars 1988, eins og á er kveðið í dómsorði. Gegn þeirri greiðslu ber áfrýjanda að afsala til stefnda eignarrétti sínum yfir hinum umdeilda vélsleða í því ástandi, sem hann var, þegar stefndi tók við vörslum á honum haustið 1987. Rétt er að áskilja, að áfrýjandi veiti því atbeina sinn, ef þörf krefur, að stefndi fái endurheimt sleðann.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili ber kostnað sinn af málinu.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Gísli hf., greiði áfrýjanda, Sigurði Þorsteinssyni, 380.000 krónur ásamt hæstu almennum innlánsvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. mars 1988 til uppsögudags dóms þessa auk vaxtavaxta, sem leggja má við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. mars 1989, en frá dómsuppsögudegi greiði hann dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags. Fari greiðslan fram gegn afhendingu

á eignarafsali frá áfrýjanda til stefnda á vélsleða af gerðinni Ski-Doo Formula Plus, árgerð 1985.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Garðars Gíslasonar hæstaréttardómara.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að beri að staðfesta hann.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. maí 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Sigurði Þorsteinssyni, kt. 211153-2889, Hvannavöllum 2, Akureyri, gegn Gísla hf., kt. 570169-1579, Sundaborg 11, Reykjavík, með stefnu, birtri 8. desember 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 380.000 kr. ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi hans samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Til vara er þess krafist, að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 17. nóvember sl., en var endurupptekið, endurflutt og dómtekið að nýju 5. apríl sl.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að stefndi hafi selt sér vélsleða í september 1985. Þegar í upphafi hafi komið fram gallar í sleðanum, og hafi þrássinnis verið reynt að bæta úr þeim, án þess að það bæri tilætlaðan árangur. Stöðugt samband hafi verið á milli stefnanda og stefnda, og hafi komið að því, að stefndi gerði stefnanda tilboð um að greiða honum 380.000 kr. og taka sleðann. Tilboð þetta sé dagsett 9. nóvember 1987. Stefnda hafi verið tilkynnt munnlega, að gengið yrði að þessu, og það staðfest í bréfi 4. febrúar 1988. Þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir hafi stefndi ekki fengist til að greiða. Tekið er fram, að fyrirtækið Gísli hf. hafi áður heitið Gísli Jónsson og Co. hf., en nafni þess verið breytt í Gísla hf. með tilkynningu til Hlutafélagaskrár 26. júní 1988.

Kröfum sínum til stuðnings vísar stefnandi til skriflegs tilboðs stefnda svo og alm. reglna kröfuréttar.

II.

Aðalkröfu sína um sýknu styður stefndi þeim rökum, að stefnandi hafi aldrei samþykkt tilboð stefnda og því hafi samningur ekki komist á. Stefndi hafi sent stefnanda tilboð 9. nóvember 1987 og boðist til að greiða 380.000 kr. fyrir sleðann. Í tilboðinu hafi vandlega verið tekið fram, að ef stefnandi samþykkti þetta tilboð, ætti hann að skrifa undir það og senda afritið til baka. Þetta hafi stefnandi ekki gert, og því hafi tilboðið engin réttaráhrif. Með öðrum orðum bindi tilboðið ekki tilboðsgjafa og sé því fallið niður. Stefndi hafi viljað fá svar strax, því að á haustin og fram í janúar/febrúar sé aðalsölutími vélsleða, og hugðist stefndi því selja sleða stefnanda þegar í stað. Þegar stefndi hafi ekki fengið afritið til baka, hafi hann gengið að því vísu, að stefnandi hafi ekki viljað fallast á tilboðið. Stefndi kannast ekki við að hafa fengið bréf lögmanns stefnanda, dags. 4. febrúar 1988.

Í samningalögum nr. 7/1936 sé tiltekið í 2. og 3. grein, hvaða reglur gildi um samþykkisfrest, þ. e. þann tíma, er tilboðsviðtakandi hafi til að svara tilboðinu. Í því tilboði, er hér liggi frammi, sé greinilegt, að tilboðsgjafi hafi ætlast til að fá afritið endursent án sérstakra tafa. Verði því í samræmi við 3. gr. samningalaga að álykta sem svo, að samþykkið hefði átt að vera komið til tilboðsgjafa að liðnum eðlilegum tíma, sem líklega sé 2-3 vikur í tilviki sem þessu. Hér sé krafist skriflegs svars, og þá sé líklega átt við, að svara eigi við fyrsta tækifæri.

Stefnandi, Sigurður Þorsteinsson, hefur gefið skýrslu fyrir dómi svo og Þorsteinn Baldursson, framkvæmdastjóri stefnda, og Sigurjón Þór Hannesson sölumaður.

III.

Óumdeilt er, að stefnda, Gísla hf., sé réttilega stefnt til varnaraðildar í máli þessu.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á skriflegu tilboði um greiðslu á 380.000 kr. fyrir vélsleða þann, sem hér um ræðir. Tilboð þetta, sem dags. er 9. nóvember 1987, hljóðar svo efnislega:

„Samkvæmt símtali 6. 11. 1987 sendi ég þér þetta bréf, sem er tilboð um kaupmála á vélsleðum, að gefnu tilefni.

a. Ég tek gamla sleðann á 420.000 kr. mínus þann kostnað, sem þarf til að koma honum í fullkomið stand, en það er skemmd á „húddi“, tankhlíf og sér töluvert á belti plús það að vera ekinn 2900 km. Þetta er ég búinn að fá metið á 40.000 kr. Þú færð nýjan Formula plus, en verð á honum er 420.000 kr.

b. Ég er tilbúinn að greiða þér þessi 420.000 mínus 40.000 kr., sem eru 380.000, og málið verður þá úr sögunni.

Takir þú fyrra tilboðinu, vil ég taka það fram, að þá fengir þú sleðann

í fullkomnu standi frá okkur að undanskilinni tilkeyrslu og í ábyrgð, en í ábyrgðinni felst það, að engu má breyta í sleðanum á þeim tíma, að öðrum kosti er ábyrgðin fallin úr gildi.

Samþykki þú þetta, bið ég þig að skrifa undir þetta og senda afritið til baka.“

Undir tilboðsbréf þetta skrifar Sigurjón Hannesson vegna Gísla Jónssonar & Co. hf.

Stefnandi reisir kröfur sínar á b-lið framangreinds tilboðs.

Í tilboði þessu felst áskilnaður um skriflegt samþykki, en ekki er þar kveðið á um samþykkisfrest.

Stefnandi sendi ekki skriflegt samþykki vegna tilboðs þessa innan eðlilegra tímamarka samkvæmt ákvæðum 3. gr. samningalaga nr. 7/1936, og ósannað er, að ákvæði 2. mgr., sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna, eigi við. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til atvika málsins verður ekki talið, að stefndi sé bundinn af tilboði þessu gagnvart stefnanda. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Gísli hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Þorsteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.